

Eftirmæli og bakmælgi.

Ræða.

„Um dauðan skal lof eitt ljóða“ segir máltaikið, og vist er um það, að fáum reglum er betur filgt en þessari. Væru öll eftirmæli sönn, þá mundi naumast ástæða til þeirra orða sem svo oft eru sögð: Mennirnir eru ekki eins góðir og þeir ættu að vera. Því að varla deir nokkur maður svo, að hann sé ekki „sómi sinnar stéttar“ og að óefnilegir unglingsar láttist er mjög fátt. Ekki ber því þó að neita, að margt er ósannara en það, sem sagt hefur verið um soðbollana og silfurkerin, og að það sem mönnum gæti verið til lofs fær oftar að liggja í láginni þangað til þeir hafa aflokið því sem erfiðast er og lof eða last fær ekki á þá framar. — Pó að „eftir“ og „á bak“ geti stundum þitt nokkuð líkt, þá er þó fátt ólikara en eftirmæli og bakmæli; munurinn er likastur þeim sem er á hvitu og svörtu og reglan sem menn fara eftir i umtali sínu um samferðamennina á leiðinni til dauðans virðist vera á þessa leið: að illu einu skal annara geta.

Það er nú als ekki ófróðlegt að ihuga hvernig stendur á þessum mikla mun, og ekki síst firir oss íbúa þessa daunilla bær, þar sem allmargir ganga um svo baknagaðir, að ætla mætti hjortun og nírun liggja ber firir til rannsóknar. —

Til þess að rannsaka þetta út í æsar þirsti miklu lengra mál en þetta getur orðið; verður hér því aðeins drepið á aðalálastæðurnar og er þá heppilegast að birja first á að ihuga bakmælgina.

Það er erfitt að lifa, svo erfitt að jafnvel þeir, sem lætur það best, deia þó af því á endanum — eins og kunnugt er. Þessi erviðleiki lisir sér í vitund mannsins með sársauka, og til að ráða bót á þessum sársauka hafa menn skapað sér trúarbrögðin og svo eg nefni dæmi úr annari átt alkohol og allskonar áfengi og bakmælgini miðar að því sama. Allir kannast við orðið: sætt er sameiginlegt skipbrot; það er að segja hverjum einum pik-

ir léttara að bera sitt ból ef hann heldur að öðrum liði ekki betur, og þarna er nú komið að einni af aðalrótum bakmælginnar. Að tala um galla, náungans, tjón, hnekki eða vansta, sem aðrir hafa beðið eða jafnvel kumni að biða, það er mönnum svo tamt og ljúft af því að það má hafa eins og nokkurskonar plástur á sín eigin sár, og ef til vill lisir sér hvergi betur að maðurinn er „félaglagslnt dir“ (animal sociabile) en einmitt í sameiginlegri gleði ifir aunara skipbroti. Bakmælgin virðist ekki eins ófirgefanleg þegar séð er að hún er nokkurskonar „morphin“, sem menn taka því frekar; til, sem þeir eru meir þjáðir af hinni mjög svo algengu öfundsíki..

Ekki má alveg gleima því að bakmælgí lætur sér nú raunar oft ekki nægja að hlakka ifir óþorum annara heldur vill hún einnig stuðla að því, að menn gefi sem minsta ástæðu til öfundar.

En eins og það er vanalega eithvað bogið við þá, sem eru mjög gefnir firir alkohol eða morphin þannig er það líka um bakmælgina, raglindi og ligni á mjög háu stigi einkennir oftastnær þær persónur, sem mest treista á hana sér til fróunar.

Pegar vér nú höfum séð, að öfund er aðalálastæðan til að menn tala varla annað um náungann en illt eitt og ljúga á hann lasti en varla aldrei losi, þá er auðskilið hvers vegna látnir fá svo gott orð. Þá first er svo aumt að öfundlaust sé, þegar komið er í grófinna. Ennfremur ber þess að gæta, að flestir vilja fá orð á sig firir góðgirni; þá ætla þeir að þeim muni fremur hjálpað ef á liggur. Að sina sig góðgjarnan það er eins og að leggja í sjóð hjá guði og góðum mönnum. En ekkert er útlátaminna heldur en tala vel um framliðna og það er alveg óhætt að láta þá njóta sannmælis, sem aldrei framar geta orðið keppinautar manns.

Eins og áður var sagt eru það að eins aðalálastæðurnar sem hér er drepið á, en ekki ber því að leina, að meðfram liggja aðrar hvatir, sumpart göfugri sumpart meinlausari, til þess mikla munar sem er á eftirmælum og bakmælum.

Helgi Pétursson.